

Ed.

82. Frumvarp til laga

[75. mál]

um heimild fyrir ríkissjóð til lóðakaupa í Hveragerðishreppi.

Flm.: Helgi Bergs.

1. gr.

Ríkissjóði er heimilt að kaupa lóðir og landspildur í Hveragerði, þar sem þannig stendur á, að óhagstæð landamörk valda erfiðleikum við framkvæmd skipulags þorsins og nýtingu lóða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar Hveragerðis, sem hefur ritað flm. svo hljóðandi bréf:

„Á fundi hreppsnefndar Hveragerðishrepps þann 24. jan. 1963 var í einu hljóði samþykkt eftirfarandi tillaga:

„Hreppsnefndin samþykkir að fara fram á, að ríkissjóður kaupi landspildur í Hveragerði, sem vegna óhagstæðra marka valda örðugleikum gagnvart skipulagi þorsins, framkvæmdum og nýtingu lóða.“

Ríkissjóður á mestallt land Hveragerðishrepps, þó eru nokkrar lóðir í þorpinu, sem einstaklingar eiga. Það vakti hins vegar ekki fyrir hreppsnefndinni að óska eftir, að ríkissjóður keypti öll lönd í eigu einstakra, heldur aðeins þær landspildur, sem vegna óhagstæðra marka koma í veg fyrir byggingu lóða í samræmi við skipulagsupprátt Hveragerðis og framkvæmdir í samræmi við hann. Hér er um að ræða óverulegar landstærðir, en allmargar lóðir illnýtanlegar af þessum sökum.

Þar sem ríkissjóður á mestallt landið, telur hreppsnefndin æskilegt, að hann kaupi þær spildur, sem koma í veg fyrir nýtingu ríkislandsins. Telur hreppsnefndin þetta allþýðingarmikið hagsmunamál sveitarfélagsins, þar sem um er að ræða að fá nýttar lóðir mitt í þorpinu, þar sem til staðar eru nú fyrir atbeina sveitarstjórnar möguleikar á almennri þjónustu, svo sem hita, rafmagni, holræsi og vegum, en dýrt fyrir sveitarfélagið, að byggðin dreifist meira en eðlilegri aukningu nemur.

Fyrir hönd hreppsnefndar er því hér með farið fram á við yður, að þér beitið yður fyrir því, að hið háa Alþingi heimili kaup á löndum hér, þar sem svo hagar til, er fyrir greinir.

Telur hreppsnefndin eðlilegast, að um heimild almenns eðlis væri að ræða, sem nota mætti í tilfellum, þar sem ástæður væru fyrir hendi, svo að ekki þyrfti að leita til Alþingis í hverju einstöku tilfelli.“